



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Ágústar Geirs Ágústssonar, nefndarritara
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1099
komudagur 7.3.2002


Reykjavík, 6. mars 2002
VI/HV/hþ


Efni: Tillaga til þingsályktunar um unglíngamóttöku og getnaðarvarnir.

Unglíngamóttaka er eitt form af stuðningi og þjónustu sem heilsugæslan veitir ungu fólki. Heilsugæslan í Reykjavík hefur þegar byggt upp slíkt þjónustuforn á nokkrum heilsugæslustöðvum sem undir hana falla og fyrirhugar frekari uppbyggingu á því sviði. Því telur Landlæknisembættið fyrri hluta þingsályktunartillögunnar óþarfa.

Varðandi þann lið þingsályktunartillögunnar að fela landlækni að koma á fót tilraunaverkefni innan heilsugæslunnar, með ókeypis eða ódýrar getnaðarvarnir fyrir fólk á aldrinum fimmtán ára til tvitugs, vill Landlæknisembættið taka fram að það mundi á engan hátt skorast undan slíkri beiðni heilbrigðisráðherra, væri eftir því leitað.

Virðingarfyllst,


Vilborg Ingólfssdóttir
yfirhjúkrunarfræðingur


Haukur Valdimarsson
aðstoðarlandlæknir